



## FUNDARGERÐ 465. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 11. mars 2022. Fundurinn er settur klukkan 14:10. Fundurinn er staðfundur á Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Kristinn Andersen og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri sækja staðfund.

### Tekið fyrir

#### 1. Afgreiðsla ársreiknings SORPU bs. 2021.

Sigrún Guðmundsdóttir, fulltrúi endurskoðunarnefndar SORPU tekur sæti á fundi í upphafi fundar. Haukur Hauksson endurskoðandi og Theodór S. Sigurbergsson endurskoðandi tengjast fundinum með fjarfundarbúnaði í upphafi fundar

Fjármálastjóri gerir grein fyrir ársreikningi SORPU. Theodór gerir grein fyrir endurskoðunarskýrslu vegna ársreiknings SORPU fyrir árið 2021. Sigrún gerir grein fyrir umsögn endurskoðunarnefndar vegna ársreiknings SORPU bs.

Stjórn SORPU samþykkir framlagðan ársreikning.

Sigrún, Haukur og Theodór aftengjast fjarfundi og víkja af fundi 14:51.

#### 2. Önnur mál

Fjármálastjóri gerir grein fyrir breytingum á áhættustefnu SORPU. Upplýsingaöryggisáhættu hefur verið gert hærra undir höfði og hlutverk áhættunefndar hefur verið skýrt nánar. Uppfærð áhættustefna verður send stjórn til rafrænnar undirritunar.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir breytingum á yfirdráttarheimild SORPU til lækkunar í 249 milljónir.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi

*„Stjórn SORPU samþykkir tillögu fjármálastjóra um að opna á lánalínu að fjárhæð 249 milljónir hjá Íslandsbanka. Ekki er ljóst að draga þurfi á lánalínuna meðan hennar nýtur við.“*

#### 3. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 25. mars klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:45.